

Forsætisnefnd

Viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Á fundi borgarráðs þann 3. júlí 2014 samþykkti borgarráð nýja viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna fullnaðarafgreiðslna. Með bréfi Reykjavíkurborgar til innanríkisráðuneytisins þann 24. júlí 2014 var tilkynnt um afgreiðslu borgarráðs og óskað eftir staðfestingu ráðherra á viðaukunum. Svarbréf innanríkisráðuneytisins barst Reykjavíkurborg 16. september 2014 en þar kom fram að í kjölfar gildistöku sveitarstjórnarlaga 138/2011 og gerð nýrra samþykktu sbr. 9. gr. s.l. væri ekki talið nauðsynlegt að ráðuneyti staðfesti viðauka frekar en erindisbréf og sérstakar samþykktir sveitarstjórna um verkefni nefnda og embættismanna. Ráðuneytið benti jafnframt á að um staðfestingu samþykktu um fullnaðarafgreiðslu mála sem falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010 fer skv. ákvæðum þeirra laga og geta þurft staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Reykjavíkurborg beindi þá einnig erindi vegna málsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þann 7. nóvember sl. þar sem ráðuneytinu var tilkynnt um samþykkt borgarráðs á m.a. viðauka um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs, viðauka um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúans í Reykjavík og viðauka um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík í ljósi ábendinga innanríkisráðuneytisins um að viðaukar sem falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög gætu þurft staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í erindinu er tilgreindum viðaukum vísað til þóknanlegrar meðferðar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Engin viðbrögð hafa borist frá því ráðuneyti og verður því litið svo á að staðfesting þeirra sé óþörf.

Í framhaldi af ofangreindri niðurstöðu ráðuneytisins var Stjórnartíðindum sent erindi þar sem óskað var birtingar á viðaukunum. Erindið var afgreitt með tölvubréfi frá ritstjóra Stjórnartíðinda dags. 24. október sl. en þar kemur m.a. fram að þótt sveitarfélögum sé skylt að

senda ráðuneytinu samþykktir sínar til staðfestingar er ráðuneytinu ekki skylt að lögum að láta birta þær í Stjórnartíðindum, heldur aðeins fyrirmynd að slíkum samþykktum, sbr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í tölvubréfinu kemur einnig fram að með hliðsjón af ofangreindu álit ráðuneytisins um að óþarft sé að staðfesta viðauka um fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála er talið að ráðuneytið sé einnig að álykta að það sé ekki nauðsynlegt að birta viðaukana í Stjórnartíðindum þó svo þeir hafi áður verið birtir þar í nafni ráðuneytisins sem fylgiskjöl við samþykktir viðkomandi sveitarfélaga. Ritstjóri Stjórnartíðinda kemst því að þeirri niðurstöðu að lagagrundvöllur sé ekki til birtingar viðaukana í Stjórnartíðindum í nafni sveitarfélagsins, en lagafyrirmæli eru skilyrði birtingar þegar önnur stjórnvöld og opinberar stofnanir en ráðuneyti eiga í hlut, skv. 3. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Í ljósi alls ofangreinds birti Reykjavíkurborg viðaukana á vef sínum, sem fylgiskjöl með gildandi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og hefur öll málsmeðferð sveitarfélagsins verið í samræmi við þær heimildir sem veittar eru í viðaukunum.

Þann 9. júlí sl. kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli 51/2014 vegna Gilsárstekks 8. Í niðurstöðukafla úrskurðarins kemur m.a. fram að það er álit úrskurðarnefndarinnar að valdframsal samkvæmt skipulagslögum skuli fara fram í sjálfri samþykktinni um stjórn sveitarfélagsins. Virðist vera eins og úrskurðarnefndin telji að efnislegt valdframsal þurfi að koma fram í samþykktinni sjálfri þrátt fyrir að í efni fyrirmyndarsamþykktar innanríkisráðuneytisins nr. 976/2012 sé sérstaklega gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða í sérstökum viðauka við hana að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu mála. Reykjavíkurborg benti jafnframt á að sambærilegir viðaukar voru í gildi við síðustu samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, en þeir voru staðfestir af ráðherra og birtir í Stjórnartíðindum. Í ljósi þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi að í viðaukunum felist ekki gilt valdframsal til afgreiðslu skipulagsáætlana o.fl. var erindi beint til innanríkisráðuneytis með bréfi dags. 15. júlí þar sem þess var óskað að ráðuneytið endurskoðaði afstöðu sína gagnvart staðfestingu á samþykktum viðaukum Reykjavíkurborgar um embættisafgreiðslur. Reykjavíkurborg taldi nauðsynlegt að fá staðfestingu ráðherra á fyrirbyggjandi viðaukum og viðaukana birta í Stjórnartíðindum til að uppfylla þau skilyrði sem birtast í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í tilgreindu máli og í tveimur úrskurðum til viðbótar á liðnum vikum.

Í samráði við innanríkisráðuneytið er nú lagt til að viðaukarnir verði lagðir fram til samþykktar borgarstjórnar sem **breyting** á fyrirbyggjandi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 m.s.br. en ekki sem fylgiskjöl við samþykktina. Með vísan til 18. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, um samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra, og er hér með óskað eftir því að forsætisnefnd setji málið á dagskrá borgarstjórnar 6. og 20. október nk. til að unnt verði að ljúka staðfestingarferli ráðherra eins skjótt og unnt er.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Samþykktir viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 11. september 2014.

Tölvubréf Stjórnartíðinda dags. 24. október 2014.

Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 51/2014

Lagt fram á fundi borgarstjórnar 6. október og vísað til seinni umræðu.
Lagt fram á fundi borgarstjórnar 20. október til seinni umræðu.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 þannig að við samþykktina bætist svohljóðandi viðaukar um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs, skóla- og frístundaráðs, skrifstofustjóra borgarstjórnar, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, skipulagsfulltrúa, byggingarfulltrúa, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

VIÐAUKI 1.1

Um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Öll mál sem skulu hljóta afgreiðslu sveitarstjórnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem afgreiðslu skipulagslýsinga, deiliskipulagsáætlana samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Undanskildar eru ákvarðanir um auglýsingu og afgreiðslu á svæðis-, aðal- og hverfisSKIPULAGI en þær ákvarðanir eru ávallt háðar samþykki borgarráðs. Hið sama gildir um auglýsingu og afgreiðslu á tillögum að breytingum á slíkum áætlunum.
- b. Ákvörðun um afgreiðslu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, ef engar athugasemdir berast á auglýsingatíma.
- c. Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem þurfa staðfestingar eða samþykki hans sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Umhverfis- og skipulagsráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a.-c. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs, sbr. a.-c.-lið 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

VIÐAUKI 1.2

Um fullnaðarafgreiðslur skóla- og frístundaráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Skóla- og frístundaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Veitingu leyfa til reksturs sjálfstætt starfandi leikskóla, sbr. 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
- b. Staðsetningu sérdeilda.

- c. Staðsetningu þáttökubekkja.
- d. Sameiningar frístundaheimila vegna stofnunar safnfrístundar.

Skóla- og frístundaráð getur vísað afgreiðslu mála skv. liðum a.-d. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur í fundargerð skóla- og frístundaráðs, sbr. a.-d.-lið 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skóla- og frístundaráðs eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla- og frístundaráð taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 2.1

Um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar.

1. gr.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Skrifstofustjóri borgarstjórnar gefur sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, enda sé umsögnin í samræmi við málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Með sama hætti gefur hann umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 17. og 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- b. Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir erindi til borgarráðs til umsagnar, kynningar eða meðferðar einstakra nefnda og ráða, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Afgreiðslur skrifstofustjóra skv. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skrifstofustjóra borgarstjórnar skal skrifstofustjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skrifstofustjóra skv. 1. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga.

VIÐAUKI 2.2

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar er heimilt að gefa út eftirfarandi starfsleyfi í stað heilbrigðisnefndar eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem er talinn upp í fylgiskjali 2 í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999, með síðari breytingum. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skulu þó áfram berast heilbrigðisnefnd og afgreiðast af henni.
- b. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli, með síðari breytingum.
- c. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja skv. 2. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.
- d. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.

2. gr.

Framkvæmdastjóri gefur lögreglustjóra umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða skv. 2. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, í umboði heilbrigðisnefndar, samkvæmt heimild í 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Með sama hætti gefur hann umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 4. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

3. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 1. og 2. gr. til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu framkvæmdastjóra skal framkvæmdastjóri vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur framkvæmdastjóra skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu framkvæmdastjóra skv. 1. eða 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til þess að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal heilbrigðisnefnd taka málið upp að nýju. Komi upp ágreiningur milli borgarráðs og heilbrigðisnefndar um endurupptöku máls skv. 1. gr. skal með hann farið í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli skv. 1. gr. til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

VIÐAUKI 2.3

Um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögnum, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða eftirtalin mál á afgreiðslufundi sínum, sbr. 1. gr.:

a. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt er að fresta afgreiðslu slíkra erinda þegar liggur fyrir ákvörðun borgarráðs að hafin skuli vera deiliskipulags- eða hverfisskipulagsvinna fyrir viðkomandi svæði. Slíkur frestur skal vera að hámarki eitt ár frá umsókn en skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða lengri frest enda sé um að ræða málefnalegar ástæður. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. nema umhverfis- og skipulagsráð eða borgarráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillöguna. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða deiliskipulagstillögu ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar skv. 5. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi getur heimilað að framlengja frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.

b. Skipulagsfulltrúi afgreiðir mál sem varða meðferð og útgáfu framkvæmdaleyfa. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaradila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga og ef framkvæmdin fellur undir C-flokk framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsfulltrúa er heimilt að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulag.

c. Skipulagsfulltrúi getur, með þriggja mánaða fyrirvara, lagt á dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólöglegt.

d. Skipulagsfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmd sé hún hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brjóti í bága við skipulag, það hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

e. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til umhverfis- og skipulagsráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs

5. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnarsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

VIÐAUKI 2.4

Um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs, mál er falla undir mannvirkjalög nr. 160/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nafngiftir á götum, vegum og torgum.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál. Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. 2. kafla mannvirkjalaga nr. 160/2010.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál, sbr. lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Skal aðilum leiðbeint með kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 6. mgr. 7. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 161/2005 með sama heiti.

VIÐAUKI 2.5

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðningu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- b. Ráðningu byggingarfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- c. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsráð taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 2.6

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Ráðning leikskólastjóra, sbr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
- b. Ráðning skólastjóra grunnskóla, sbr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- c. Veita leyfi til dagforeldra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.
- d. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.
- e. Ákveða staðsetningu starfseininga á vegum skóla- og frístundasviðs vegna tímabundinna breytinga til tólf mánaða að hámarki.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.


4. gr.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skóla- og frístundaráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu skóla- og frístundaráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnssýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla- og frístundaráð taka málið upp að nýju.



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is


Reykjavík 11. september 2014
Tilv.: IRR14070213/18.10.1

Með tilvísun til erindis Reykjavíkurborgar dags. 24. júlí 2014, þar sem óskað er staðfestingar ráðuneytisins á endurskoðuðum viðaukum um fullnaðarafgreiðslur og embættisfærslur skal upplýst að í kjölfar gildistöku sveitarstjórnarlaganna nr. 138/2011 og gerð nýrra samþykktá sbr. 9. gr. sömu laga, hefur ekki verið talið nauðsynlegt að ráðuneytið staðfesti viðauka frekar en erindisbréf og sérstakar samþykktir sveitarstjórna um verkefni nefnda og embættismanna.

Ráðuneytið bendir á að um staðfestingu samþykktá um fullnaðarafgreiðslur mála sem falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010, fer skv. ákvæðum þeirra laga og geta þurft staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd innanríkisráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

From: eyglo.s.halldorsdottir@irr.is [mailto:eyglo.s.halldorsdottir@irr.is]

Sent: 24. október 2014 12:44

To: Helga Björk Laxdal

Subject: Viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Sæl Helga Björk

Eins og fram hefur komið í tölvupósti frá þér hefur skrifstofa mannréttinda og sveitarfélaga hér í ráðuneytinu sent Reykjavíkurborg bréf þar sem því er lýst yfir að *ráðuneytið telji ekki þörf á að staðfesta umrædda viðauka um fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála hjá sveitarfélaginu* .

Reyndar er það svo að þótt sveitarfélögum sé skylt að senda ráðuneytinu samþykktir sínar til staðfestingar er ráðuneytinu ekki skylt að lögum að láta birta þær í Stjórnartíðindum, heldur aðeins fyrirmynd að slíkum samþykktum, sbr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samkvæmt grg. með umræddri 9. gr.

skal sveitarstjórn senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála samþykktir sínar um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp sveitarstjórnar til staðfestingar. Ákvarðanir sveitarstjórna um valdframsal verða því að hljóta samþykki ráðuneytisins áður en þær geta öðlast gildi.

Í auglýsingu nr. 976/2012 um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga segir í 36. gr.:

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kys, nema slíkt sé ákveðið í lögum. Slíka ákvörðun skal setja í samþykkt.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða í sérstökum viðauka við hana að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Sé fastanefnd falið vald til fullnaðarafgreiðslu skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu. Til frekari skýringa er vísað til 42. gr. sveitarstjórnarlaga og athugasemda við þá grein í frumvarpinu. Slíka ákvörðun skal setja í samþykkt.

Formlegir annmarkar á birtingu viðaukana í Stjórnartíðindum:

Telja verður, með hliðsjón af ofangreindu álitum um að óþarft sé að staðfesta viðauka um fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála hjá svf., að ráðuneytið sé einnig að álykta að það sé ekki nauðsynlegt að birta viðaukana í Stjórnartíðindum þó svo þeir hafi áður verið birtir þar í nafni ráðuneytisins sem fylgiskjöl við samþykktir viðkomandi sveitarfélaga.

Varðandi beiðni Reykjavíkurborgar um birtingu viðaukana í Stjórnartíðindum hefur málið verið skoðað í samhengi við 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. 58. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Ekki verður séð að lagagrundvöllur sé til birtingar viðaukana í Stjórnartíðindum í nafni sveitarfélagsins , en lagafyrirmæli eru skilyrði birtingar þegar önnur stjórnvöld og opinberar stofnanir en ráðuneyti eiga í hlut, skv. 3. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, en þar segir:

Einnig skal þar birta reglur sem stjórnvöldum og opinberum stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að setja.

M.ö.o. fyrirmælin um viðaukana er aðeins að finna í samþykktinni en ekki í lögum.

Efnislegir annmarkar á birtingu viðaukana í Stjórnartíðindum:

Auk þess vil ég að gefnu tilefni taka fram að allt efni sem tekið er til birtingar á í Stjórnartíðindum þarf að vera dagsett og undirritað af til þess bærum aðila, sjá útgefin mál á vef Stjórnartíðinda, stjornartidindi.is

Pegar viðaukar eru birtir í Stjórnartíðindum eru þeir birtir sem fylgiskjöl við ákveðin mál og í nafni sama aðila og gefur málið út.

Þannig fellur það ekki að formi auglýsinga í Stjórnartíðindum að birta þar með sérstöku númeri mál undir fyrirsögnunum:

Viðauki 1.1, Viðauki 1.2, Viðauki 2.2, Viðauki 2.3, Viðauki 2.4, Viðauki 2.5.

Að lokum vil ég á grundvelli leiðbeiningarskyldu benda á 2 efnisatriði í viðaukunum sem ekki fá staðist:

a) Í "viðauka 1.1" í 1. gr. er vísað til liða a-d, en liðirnir eru aðeins 3 (a-c).

b) Í 7. gr. "viðauka 2.4" er vísað til 6. mgr. 7. gr. mannvirkjalaga, en þar segir:

Samþykkt sem sett er samkvæmt þessari grein skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og birt af sveitarstjórn í B-deild Stjórnartíðinda. Enn fremur skal hún færð inn í rafrænt gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Með "ráðherra" er þarna átt við umhverfis- og auðlindaráðherra" og því ekki á valdi sveitarfélags að fella úr gildi sp. nr. 161/2005 sem umhverfisráðuneytið (nú umhverfis- og auðlindaráðuneytið) gaf út.

Ég vil vinsamlegast benda ykkur á þann möguleika að birta viðaukana á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Lokst biðst ég velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara þessu erindi um birtingu, en eins og svarið ber með sér er málið nokkuð flókið.

F. h. Stjórnartíðinda,

Eygló S. Halldórsdóttir ritstjóri.



Eygló S. Halldórsdóttir, ritstjóri Stjórnartíðinda


Skrifstofa réttarfars og stjórnslu / Department of Legal Procedure and Administration

Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími/Tel: +(354) 545 9000

innanrikisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Árið 2015, fimmtudaginn 9. júlí, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Skuggasundi 3, Reykjavík. Mætt voru Nanna Magnadóttir forstöðumaður, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 51/2014, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 11. mars 2014 um að veita leyfi til að breyta húsinu að Gilsárstekk 8 í skrifstofuhúsnæði, breyta innra fyrirkomulagi þess og breyta bílgeymslu í móttökuherbergi.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 17. júní 2014, sem barst nefndinni 19. s.m., kæra Steindór Einarsson og Dóra Magda Gylfadóttir, Gilsárstekk 7, þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 11. mars s.á. að veita leyfi til að breyta húsinu að Gilsárstekk 8 í skrifstofuhúsnæði, breyta innra fyrirkomulagi þess og breyta bílgeymslu í móttökuherbergi. Er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Að auki er þess krafist að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Með bréfi til úrskurðarnefndarinnar, dags. 14. október 2014, sem barst nefndinni 15. s.m., kæra sömu aðilar ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 27. ágúst 2014 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 8 við Gilsárstekk. Er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi en að auki er þess krafist að Reykjavíkurborg kaupi af kærendum hús þeirra og greiði þeim bætur fyrir það fjárhagstjón sem þau hafi orðið fyrir vegna hinnar kærðu ákvörðunar. Þar sem hinar kærðu ákvarðanir eru samofnar og sömu aðilar standa að baki kærunum verður síðargreinda kærumálið, sem er nr. 111/2014, sameinað máli þessu.

Þykir málið nú nægilega upplýst til þess að það verði tekið til endanlegs úrskurðar. Er því ekki tilefni til að taka afstöðu til stöðvunarkröfu kæranda.

Gögn málsins bárust frá Reykjavíkurborg 10. júlí og 12. og 27. nóvember 2014.

Málavextir: Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúans í Reykjavík 17. desember 2013 var tekin fyrir umsókn, dags. 12. s.m., þar sem sótt var um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi, breyta bílgeymslu í móttökuherbergi og byggja ofan á svalir á húsinu nr. 8 við Gilsárstekk. Kemur fram á aðaltekningu þeirri sem fylgdi umsókninni að um Barnahús sé að ræða. Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og í umsögn hans, dags. 10. janúar 2014, voru ekki gerðar athugasemdir við breytinguna. Var erindið samþykkt á fundi skipulagsfulltrúa 17. s.m. og á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 11. mars s.á. Hefur sú ákvörðun byggingarfulltrúa verið kærð til úrskurðarnefndarinnar, eins og áður greinir.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. júlí 2014 var samþykkt að grenndarkynna fyrir hagsmunaaðilum að Gilsárstekk 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7 tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júní 2014, um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 8 við Gilsársteck. Í breytingunni fölst breyting á notkun lóðarinnar úr einbýlishúsalóð í lóð undir starfsemi Barnahúss. Var erindið grenndarkynnt frá 7. júlí til 5. ágúst s.á. Bárust athugasemdir á kynningartíma, m.a. frá kændum, og var þeim svarað með umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. ágúst s.á. Að lokinni grenndarkynningu var erindið tekið fyrir að nýju á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 27. s.m. og var tillagan samþykkt. Tók skipulagsbreytingin gildi með auglýsingu þar um í B-deild Stjórnartíðinda 15. október s.á. og hefur hún einnig verið kærð til úrskurðarnefndarinnar, svo sem áður greinir.

Málsrök kæranda: Kændur skírskota til þess að í skilmálum fyrir einbýlishús í Breiðholti frá 15. febrúar 1966 komi fram að á lóðunum skuli reisa einnar hæðar einbýlishús nema þar sem halli á landslagi gefi tilefni til neðri hæðar eða kjallara. Þá komi fram að bifreiðageymsla skuli vera í húsinu sjálfu eða áföst við það nema annað sé sýnt á mæliblaði. Tvö bílastæði skuli vera á lóðinni og óheimilt sé að hafa meira en eina íbúð í húsinu. Í gildandi deiliskipulagi komi hvergi fram að í húsunum megi stunda atvinnurekstur af einhverjum toga. Slíkar heimildir hefðu þurft að koma fram í deiliskipulaginu með skýrum hætti og ekki dugi að vísa til heimilda í aðalskipulagi. Að auki sé gert ráð fyrir því í deiliskipulaginu að bifreiðageymsla sé í húsinu og sé þar hvergi fjallað um heimildir til að breyta hagnýtingu hennar í móttöku fyrir starfsemi eins og þá sem fyrirhuguð sé. Gögn málsins gefi einnig til kynna að á lóðinni verði mun fleiri bílastæði en þau tvö sem deiliskipulag geri ráð fyrir.

Í umsögn skipulagsfulltrúa sé ekki fjallað um landnotkunarflokk eða þá staðreynd að deiliskipulagið geri ekki ráð fyrir öðru en einbýli með íbúð á reitnum. Ákvörðun byggingarfulltrúa um samþykki byggingaráforma, sem ekki séu í samræmi við heimildir í deiliskipulagi, leiði óhjákvæmilega til ógildingar. Komi fram í aðalskipulagi, sem gilt hafi þegar umsögn skipulagsfulltrúa hafi verið unnin, að umrædd lóð sé á skilgreindu íbúðarsvæði, sbr. ákvæði 3.1.2. Á íbúðarsvæðum sé gert ráð fyrir íbúðarbyggð ásamt tilheyrandi nærþjónustu. Þá segi að þar sem deiliskipulag liggja ekki fyrir eigi að meta áhrif hugsanlegrar starfsemi á umhverfið, s.s. vegna aukinnar umferðar, hávaða eða annars ónæðis af starfseminni og áhrif byggingar á yfirbragð hverfis. Í nýju aðalskipulagi sé sú þjónusta sem búast megi við á íbúðarsvæði sérstaklega skilgreind og sé rauði þráðurinn alltaf sá að atvinnustarfsemin standi í beinu samhengi við landnotkun.

Hvort sem litið sé til ákvæða í eldri eða nýrri skipulagsreglugerð eða skilgreiningar landnotkunar í þágildandi eða núgildandi aðalskipulagi sé ljóst að heimildir til atvinnustarfsemi séu bundnar við að starfsemin tengist íbúðarbyggðinni með einhverjum hætti. Hin umdeilda starfsemi sé órafjarri þeirri nærþjónustu sem búast megi við á íbúðarsvæði. Um opinbera stofnun sé að ræða sem fari með rannsóknarhlutverk í sakamálu. Ljóst sé að starfsemin samræmist ekki starfsemi landnotkunarflokks svæðisins.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu sveitarfélagsins er skírskotað til þess að markmið með hinni umþrættu deiliskipulagsbreytingu hafi verið að koma að heimild fyrir starfsemi Barnahúss sem samræmist skilgreiningu á landnotkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýta bílgeymslu sem hluta af þeirri starfsemi. Í skilmálum komi fram að heimild sé fyrir starfsemi Barnahúss í húsinu virka daga frá kl 8-17. Heimilt sé að nýta bílgeymslu í tengslum við þá starfsemi og sé um afturkræfar breytingar að ræða. Verði starfsemi Barnahúss aflögð á lóðinni skuli húsið nýtt sem einbýlishús að nýju. Starfsemin rúmist vel innan skilgreindrar landnotkunar íbúðarbyggðar og nærþjónustu sem henni tengist í aðalskipulagi. Innan

skilgreindra íbúðarsvæða sé mögulegt að vera með fjölbreytta atvinnustarfsemi, enda sé um að ræða þrífalega starfsemi sem ekki valdi ónæði. Falli opinber grunnþjónusta undir nærþjónustu. Á það sé bent að eigendur fasteigna í þéttbýli geti ávallt vænst þess að breytingar verði gerðar á skipulagi sem geti haft í för með sér breytingar á þeirra nánasta umhverfi. Verði menn að sæta því að með almennum takmörkunum geti hagsmunir þeirra í einhverju verið skertir með slíkum breytingum. Verði ekki séð að deiliskipulagsbreytingin hafi nein þau grenndaráhrif að ógildingu varði.

Samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á umræddri deiliskipulagsbreytingu byggir á 2. mgr. 12. gr. samþykktar fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar, settri af borgarstjórn 18. desember 2012. Á fundi sínum 3. júlí 2014 hafi borgarráð svo samþykkt viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Viðaukarnir hafi verið sendir innanríkisráðuneyti með bréfi, dags. 24. s.m., þar sem óskað hafi verið eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindum. Ráðuneytið hafi komist að því 24. október s.á. að viðaukar við samþykktina væru ekki háðir staðfestingu ráðherra og þar af leiðandi ekki háðir birtingu í Stjórnartíðindum. Í tölvubréfi frá ritstjóra Stjórnartíðinda sama dag komi fram að talið sé, með hliðsjón af álitni ráðuneytisins, að ekki sé nauðsynlegt að birta viðaukana í Stjórnartíðindum þó svo að þeir hafi áður verið birtir þar í nafni ráðuneytisins sem fylgiskjöl við samþykktir viðkomandi sveitarfélaga. Telji ritstjóri Stjórnartíðinda að ekki sé lagagrundvöllur til birtingar viðaukana í Stjórnartíðindum í nafni sveitarfélagsins skv. 3. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað. Í ljósi framangreinds hafi umhverfis- og skipulagsráði verið heimilt að ljúka afgreiðslu deiliskipulagsbreytingarinnar samkvæmt viðaukunum, þótt þeir hafi ekki verið birtir í Stjórnartíðindum.

Málsrök leyfishafa: Leyfishafi bendir á að hvorki sé um útlitsbreytingu né stækkun að ræða. Þær framkvæmdir sem hafi átt sér stað séu m.a. niðurrif milliveggja, endurnýjun lagna og málningarvinna.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um ákvarðanir skipulags- og byggingaryfirvalda í Reykjavík sem fela í sér breytta notkun hússins á lóðinni nr. 8 við Gilsárstekk. Er í fyrsta lagi um að ræða ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 11. mars 2014 um að veita byggingarleyfi til að breyta húsinu í skrifstofuhúsnæði fyrir Barnahús. Í öðru lagi snýst deilan um þá ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. ágúst s.á. að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar. Fólst í henni breyting á notkun greindrar lóðar úr einbýlishúsalóð í lóð undir starfsemi Barnahúss.

Sú ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs að samþykkja umrædda deiliskipulagsbreytingu byggði á 12. gr. samþykktar fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar sem samþykkt var af borgarstjórn 18. desember 2012. Þar er kveðið á um að umhverfis- og skipulagsráð afgreiði, án staðfestingar borgarráðs, nánar tilgreind verkefni skv. skipulagslögum samkvæmt heimild í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 annast sveitarstjórnir m.a. gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sömu laga fara skipulagsnefndir með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna og er sveitarstjórn heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að fela skipulagsnefnd eða öðrum aðilum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins heimild til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögum, svo sem afgreiðslu deiliskipulagsáætlana. Er vísað til sveitarstjórnarlaga um þetta atriði, sem nú eru lög nr. 138/2011. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að skipulagslögum segir um 2. mgr. 6. gr. að þar séu lagðar til

breytingar til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga sem heimili að fela nefndum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varði verulega fjárhag sveitarfélagsins. Lagt sé til að sveitarstjórn sé heimilt í samþykkt sveitarfélagsins að vísa afgreiðslum til skipulagsnefnda. Er tekið fram í athugasemdunum að í slíkum samþykktum „... yrði að kveða á með skýrum hætti um hvað fælist í fullnaðarafgreiðslu mála hjá skipulagsnefnd, svo sem kynningu gagnvart sveitarstjórn, og hvort afstaða sveitarstjórnar þurfi að liggja fyrir á einhverju stigi mála“.

Í 1. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga segir að sveitarstjórnir skuli gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annist. Skuli slík samþykkt send ráðuneytinu til staðfestingar. Ákveður sveitarstjórn valdsvið nefnda, ráða og stjórnna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum, sbr. 1. mgr. 40. gr. laganna. Hafi nefnd ekki verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar, sbr. 2. mgr. 40. gr. Kveðið er á um framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála í 42. gr. laganna. Segir í 1. mgr. að í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð geti sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varði verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Þá segir í 4. mgr. að þegar sveitarstjórn nýti sér heimild skv. 1. mgr. skuli jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hver skuli taka fullnaðarákvörðun í máli skv. 3. mgr. og hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóti afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Um V. kafla sveitarstjórnarlaga um nefndir, ráð og stjórnir segir í almennum athugasemdum með frumvarpi til laganna að í ljósi þess að sveitarstjórn fari með æðsta vald í málefnum sveitarfélagsins, og taki ákvarðanir um stjórn þess og stjórnskipulag innan ramma laga, sé í frumvarpinu lagt til grundvallar að stærstu ákvarðanir um málefni sveitarfélagsins geti aðeins sveitarstjórnin sjálf tekið. Sveitarfélög fari með mikla hagsmuni og ákvarðanir um málefni þeirra geti haft mikil áhrif á íbúa sveitarfélaganna og jafnvel á þjóðfélagið í heild sinni. Enn fremur segir að það sé í samræmi við þann lýðræðislega grundvöll sem kjör sveitarstjórnar byggist á að eiginlegt ákvörðunarvald um mikilvæg málefni sé í hennar höndum, en ekki undirnefnda hennar eða einstakra starfsmanna.

Samþykkt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar var samþykkt af borgarstjórn 18. desember 2012. Í henni er vísað til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Samþykkt nr. 715/2013 þess efnis var staðfest fyrir hönd innanríkisráðherra 8. júlí 2013 og öðlaðist gildi með birtingu þar um í B-deild Stjórnartíðinda 25. s.m. Frá sama tíma féll eldri samþykkt um sama efni, ásamt viðaukum, úr gildi. Í VI. kafla gildandi samþykktar er fjallað um fastanefndir, ráð og stjórnir, aðrar en borgarráð. Í 58. gr. samþykktarinnar er kveðið á um fullnaðarafgreiðslu og er orðalag greinarinnar áþekkt orðalagi 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Segir nánar í 1. mgr. 58. gr. að borgarstjórn geti ákveðið með viðauka við samþykktina að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála og eru sett við því sömu skilyrði og er að finna í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Slíkir viðaukar við samþykktina voru samþykktir á fundi borgarráðs 3. júlí 2014, m.a. viðauki 1.1. um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Viðaukarnir hafa hvorki verið staðfestir af ráðherra né birtir í Stjórnartíðindum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað, þrátt fyrir umleitunir borgarinnar þar um.

Sveitarstjórnir fara með skipulagsvaldið samkvæmt skipulagslögum og er framsal þess valds undantekning frá greindri meginreglu. Heimild 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga til vald-

framsals innan sveitarfélaga er almenns eðlis en í 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga er sveitarstjórn veitt sérstök heimild til framsals valds síns samkvæmt þeim lögum. Er ljóst af orðalagi ákvæðanna að valdframsal þetta fer fram í sérstakri samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélaga, en kveðið er á um slíkar samþykktir í 1. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga. Fer lögmætt valdframsal ekki fram með öðrum hætti á þessum lagagrundvelli. Með hliðsjón af athugasendum með frumvörpum til nefndra laga sem að framan eru raktar þykir einnig ljóst að í slíkri samþykkt þurfi að koma fram efnislegt valdframsal. Nægir í því sambandi ekki að endurtaka í samþykkt orðalag lagaheimildar til valdframsals heldur verður að koma skýrt fram í samþykktinni sjálfri hvert það vald er sem framselt er og hverjum. Þessum kröfum um efni og form valdframsals var ekki fullnægt með því að samþykkja síðar viðauka við þá samþykkt sem staðfest var af ráðherra og birt var í B-deild Stjórnartíðinda. Valdframsal borgarstjórnar til umhverfis- og skipulagsráðs í samþykkt um umhverfis- og skipulagsráð frá 18. desember 2012 og í viðauka 1.1. við samþykkt nr. 715/2013 var því ekki í samræmi við lög.

Samkvæmt framansögðu brast umhverfis- og skipulagsráð vald til að samþykkja umþrætta deiliskipulagsbreytingu og verður að líta svo á að í samþykkt hennar hafi falist tillaga til sveitarstjórnar til afgreiðslu, sbr. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar sem sveitarstjórn hefur ekki komið að málinu er ekki fyrir hendi lokaákvörðun í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem kæránleg er til úrskurðarnefndarinnar. Verður þessum hluta málsins því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kemur þá til skoðunar hvort að byggingaráform þau sem byggingarfulltrúi samþykkti, að deiliskipulagi Breiðholts I óbreyttu, eigi sér stoð í gildandi skipulagi.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 er óheimilt að breyta notkun mannvirkis nema með leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa. Samþykkir byggingarfulltrúi byggingaráform séu þau í samræmi við skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði, sbr. 11. gr. sömu laga. Þá er það eitt af skilyrðum fyrir útgáfu byggingarleyfis að mannvirki og notkun þess samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laganna. Við töku hinnar kærðu ákvörðunar var deiliskipulagið Breiðholt I frá árinu 1967 í gildi. Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins skyldi einnar hæðar einbýlishús vera á lóðinni og bifreiðageymsla skyldi vera í húsinu sjálfu eða áföst við það, nema annað væri sýnt á mæliblaði. Með hinni kærðu ákvörðun var notkun hússins breytt í skrifstofuhúsnæði fyrir Barnahús.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins, m.a. varðandi landnotkun, sbr. 1. mgr. 28. gr. skipulagslaga, og er þar lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags m.a. varðandi landnotkun og takmarkanir á landnotkun, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Umrætt deiliskipulagssvæði er á skilgreindu íbúðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, nánar tiltekið IB 39 Stekkir. Er því lýst sem fastmótaðri íbúðarbyggð 1-2 hæða einbýlishúsa með heilsteyptu yfirbragði. Þá er íbúðarbyggð nánar skilgreind í kaflanum, Landnotkun – Skilgreiningar (Bindandi stefna). Þar segir að á íbúðarsvæðum sé gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar sé kveðið á um í stefnu skipulagsins, sbr. gr. 6.2.a. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Kemur fram að opinber grunnþjónusta falli undir nærþjónustu. Segir síðan að meðfram aðalgötum sé heimild fyrir fjölbreyttari landnotkun í íbúðarbyggð. Þar megi gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi og sé þar einkum um að ræða starfsemi sem falli undir flokkana verslun og þjónusta og samfélagsþjónusta. Slíkar rýmri landnotkunarheimildir gildi þó aðeins um hús sem standi við viðkomandi aðalgötu. Í sama kafla aðalskipulagsins er einnig að finna nánari skilgreiningu á landnotkunarflokknum samfélagsþjónustu. eru skilgreind svæði samfélagsþjónustu ætluð

fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila, sbr. gr. 6.2.d. í skipulagsreglugerð. Í kaflanum er síðan áréttað að samfélagsþjónusta sem teljist grunnþjónusta fyrir viðkomandi hverfi sé heimil í íbúðarbyggð og að samfélagsþjónusta sé almennt heimil við aðalgötur og í skilgreindum kjörnum innan íbúðarbyggðar.


Líkt og áður greinir var breyting á notkun íbúðarhúsnæðis að Gilsárstekk 8 gerð með rekstur Barnahúss í huga. Barnahús er rekið af Barnaverndarstofu, sjálfstæðri stofnun sem annast stjórnsýslu á því sviði sem barnaverndarlög nr. 80/2002 taka til, sbr. 1. mgr. 7. gr. þeirra laga. Taka barnaverndarlög til allra barna á yfirráðasvæði íslenska ríkisins, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna, og starfar Barnaverndarstofa á landsvísu, sbr. t.a.m. 2. mgr. 7. gr. laganna. Í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er að finna nánari lýsingu á starfsemiinni en þar segir: „Starfsemi Barnahúss lýtur að börnum undir 18 ára aldri sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og að þau börn geti fengið alla þá þjónustu sem þörf er á undir sama þaki.“ Getur umrædd þjónusta vart talist grunnþjónusta við íbúa þess hverfis þar sem hún er staðsett og verður ekki annað séð en að hún falli undir almenna samfélagsþjónustu samkvæmt skilgreiningu í gildandi skipulagsreglugerð og sé því aðeins heimiluð við aðalgötu á íbúðarsvæði, sbr. þau ákvæði aðalskipulags sem áður er lýst. Samkvæmt skipulagsupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er gatan Gilsárstekkur ekki skilgreind sem aðalgata og uppfyllir því ekki skilyrði fyrir rýmri landnotkunarheimildir samkvæmt aðalskipulagi. Af framangreindu leiðir að hin kærða ákvörðun var ekki í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á svæðinu og verður því ekki hjá því komist að fella hana úr gildi.


Uppkvaðning úrskurðar í máli þessu hefur dregist sökum mikils fjölda mála sem skotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar.


Úrskurðarorð:

Vísað er frá úrskurðarnefndinni kröfu kæranda um ógildingu á þeirri ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar frá 27. ágúst 2014 að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðar nr. 8 við Gilsárstekk.

Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að veita leyfi til að breyta húsinu að Gilsárstekk 8 í skrifstofuhúsnæði, breyta innra fyrirkomulagi þess og breyta bílgeymslu í móttökuherbergi.


Nanna Magnadóttir


Asgeir Magnússon


Þorsteinn Þorsteinsson